



Hvolsskóli

SJÁLFSMATSSKÝRSLA

2020-2021

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólafirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur umbóta í skólastarfi.

Guri Hilstad Ólason, Auður Friðgerður Halldórsdóttir,
Pálína Björk Jónsdóttir, Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir,
Asta Johanna Furuahjelm Laukkanen

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2020-2022.....	3
Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum, 2. og 4. bekkur.....	5
Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6. – 10. bekkur.....	6
Foreldrakönnun.....	7
Samræmd könnunarpróf skólaárið 2020-2021.....	10
Skipulag kennslu á miðstigi.....	12
Uppgjörsgdagur að vori 2021	17
Úrbótaáætlun veturinn 2020-2021 og úrbætur unnar á árinu.....	19
Úrbótaáætlun veturinn 2021-2022.....	20
Að lokum	20

Inngangur

Sjálfsmatshópur Hvolsskóla skólaárið 2020 – 2021 var skipaður Guri Hilstad Ólason formanni hópsins, Pálínu Björk Jónsdóttur, Asta Johanna F. Laukkanen, Auði Friðgerði Halldórsdóttur og Sigurlaugu Maren Guðmundsdóttur. Fundað var eftir þörfum og gekk samstarf hópsins vel. Studdist hópurinn við skýrslur fyrri ára og ágætlega gekk að fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var fyrir þetta skólaár.

Leitast er við að skipuleggja matið á þann hátt að allir þættir skólastarfsins verði metnir, annaðhvort árlega eða með tveggja til þriggja ára millibili. Þegar spurningalistar hafa verið lagðir fyrir fær sjálfsmatshópurinn oft ábendingar um það sem betur má fara og í flestum tilfellum nýtti sjálfsmatshópurinn sér betrumbætta spurningalista frá fyrra ári. Keypt var þjónusta frá Skólapúlsinum og sá það fyrirtæki um nemendakönnun í 6.-10. bekk og foreldrakönnun. Ein könnun var framkvæmd í rýnihópum en það var; skipulag náms á miðstigi. Ákveðið var að víkja frá tímaáætlun sjálfsmatshóps þar sem til stóð að rýna í samstarf skólans og leikskólans Arkar. Vegna Covid 19 hefur lítið verið um samstarf á skólaárinu 2020-2021 og var því ákveðið að fresta rýnifundi að svo stöddu.

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að skólastarf sé metið reglulega og m.a. gengið úr skugga um að það uppfylli ramma laga og reglugerða. Einnig er gerð krafa til skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólastarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar.

Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta. Sjálfsmatsskýrslan verður kynnt fyrir fræðslunefnd og verður þar að auki sett á heimasíðu skólans en grunngögn sem hún byggir á eru í vörslu formanns.

Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2020-2022

2020 – 2021	2021-2022	2022-2023	Tími
Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	September Spurningalistar á pappír <i>Allir nemendur</i>
Samræmd próf í 4., og 7. bekk			September
			Desember <i>Farið yfir hvort áherslur séu metnar í könnunum vetrarins</i>
Námskrá skólans Skipulag náms á miðstigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Námskrá skólans Skipulag náms á yngsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Námskrá skólans Skipulag náms á elsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Janúar <i>Rýnihópar</i>
			Febrúar Rýnihópur
6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	Sept-maí Skólapúls
Könnun í 2. og 4. bekk	Könnun í 2. og 4. bekk	Könnun í 2. og 4. bekk	Janúar Myndrænir spurningalistar

Mat nemenda á líðan í skóla	Mat nemenda á líðan í skóla	Mat nemenda á líðan í skóla	
Samstarf við leikskólann			Febrúar Rýnihópur
Mat foreldra á líðan og viðhorfi barna sinna.	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	Mat foreldra á líðan og viðhorfi barna sinna.	Mars Skólapúls
Samræmt könnunarpróf í 9. bekk	Samræmt könnunarpróf í 9. bekk	Samræmt könnunarpróf í 9. bekk	Mars
	Samræmd könnunarpróf 4., 7. og 9. b.	Samræmd könnunarpróf 4., 7. og 9. b.	Vor
Mat á skólaárinu 2020-2021 Með hliðsjón af áætlunum skólans; jafnréttisáætlun, móttökuáætlun, áfallaáætlun, eineltisáætlun, forvarnaráætlun, starfsþróunaráætlun	Skólastefna Rangárþings eystra, hvar stöndum við?	Skólanámskrá Hvolsskóla – gildi og framtíðarsýn	Maí Uppgjör, rýnihópar <i>Allt starfsfólk skólans</i>

Niðurstöður þeirra kannanna sem lagðar voru fyrir skólaárið 2020-2021 verða raktar hér á eftir. Þeir þættir sem betur mega fara eru settir í ferli í skólanum þar sem leitast er við að færa þá til betri vegar. Niðurstöður ýmissa kannana hafa nú þegar verið notaðar til umbóta.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta varðandi sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2020-2021

Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum, 2. og 4. bekkur

Matstæki: Einföld könnun var lögð fyrir á pappíriformi í febrúar 2021. 46 nemendur svöruðu eða 100 %.

Viðmið: Að sem flestum líði vel í skólanum. Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta. Niðurstöður sýndu að flestum líður vel eða nokkuð vel í skólanum. Hávaði í bekkjunum er umhugsunarverð og þarf að finna leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➔ 91% nemenda líður vel/ágætlega í skólanum
- ➔ 93 % nemenda líður vel/ ágætlega í frímínútum
- ➔ 85 % nemenda líður vel/ágætlega á morgnana áður en þau fara í skólann
- ➔ 96 % nemenda líður vel/ágætlega á leiðinni í skólann
- ➔ 100 % nemenda eiga vini í bekknum sínum
- ➔ 91% nemenda líður já/stundum vel í bekknum sínum
- ➔ 85 % nemenda finnst kennararnir koma vel fram við sig
- ➔ 85 % nemenda finnst rétt að hlýða kennaranum
- ➔ 87 % nemenda líkar maturinn vel/ágætlega
- ➔ 96 % nemenda líður vel/ágætlega í matsalnum
- ➔ 100 % nemenda líður vel/ágætlega í íþróttum
- ➔ 93 % nemenda líður vel/ágætlega í sundi
- ➔ 91 % nemenda líður vel/ágætlega í búningsklefanum í íþróttahúsinu
- ➔ 97 % nemenda líður vel/ágætlega í smiðjum
- ➔ 95 % nemenda líður vel/ágætlega í skólabílum (aðeins þeir sem eru í skólabílum svöruðu)
- ➔ 82 % nemenda líður vel/ágætlega í Skjólínu (aðeins þeir sem eru í Skjóli svöruðu)

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 7 % nemenda segjast verða fyrir stríðni í skólanum og 54 % segjast verða fyrir stríðni stundum (þetta er mikil hækkun frá því 2020)
- 2 % nemenda finnst stundum gaman að stríða sumum krökkum
- 43% nemenda telur að ekki sé vinnufriður í bekknum og 50 % nemenda telur að það sé stundum vinnufriður (þetta er mikil hækkun frá 2020)
- 52 % nemenda telur að það sé hávaði í bekknum sínum og 41 % telja að það sé stundum hávaði í bekknum (þetta verður að teljast óviðunandi)
- 52 % nemenda finnst stundum gaman í skólanum og 9 % nemenda finnst ekki gaman í skólanum

Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6. – 10. bekkur

Matstæki: Rafræn könnun á vegum Skólapúlsins lögð fyrir í september og maí, handahófskennt úrtak úr öllum nemendum 6.-10. bekkjar.

Munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Viðmið: að jákvæðar niðurstöður séu jafnar eða hærri en meðaltal þeirra skóla sem nota Skólapúlsinn. Mælikvarði er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikidið 2.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður:

- Ánægja af lestri
 - Hvolsskóli 5,0 - landið 4,6.
- Tíðni hreyfingar tvisvar í viku eða oftari
 - Hvolsskóli 60% - landið 43,2%
- Agi í tímum
 - Hvolsskóli 5,1 – landið 4,9. Framfarir um 0,7 frá því í fyrra.
- Virk þátttaka nemenda í tímum
 - Hvolsskóli 5,1 – landið 5,0. Framfarir um 0,5 frá því í fyrra.

Vert er að taka fram að það má sjá framfarir varðandi þrautseigju í námi (0,3), áhuga á stærðfræði (0,2) og samband nemenda við kennara (0,3) frá því í fyrra. Í opnum svörum benda nemendur á atriði sem þeim finnst gott við skólann sinn.

Dæmi um jákvæðar upplifanir nemenda:

- Skemmtilegir krakkar, góðir kennarar og skemmtilegir hlutir að gera
- Skólinn tekur eins á móti öllum, sama hvaðan hann/hún er og sama hvernig hann/hún lítur út
- Það er t.d. gott skipulag í skólanum og létt að fá hjálp við einhvað ef að nemendum vantar hjálp
- oftast maturinn og svo krakkarnir:)

Dæmi um neikvæðar niðurstöður:

- Tíðni eineltis
 - Hvolsskóli 22,2% - landið 14,0%. Aukning um 8.2% frá því í fyrra.
- Einelti
 - Hvolsskóli 5,9 - landið 5,6. Afturför frá því í fyrra

Í opnum svörum benda nemendur á atriði sem þeim finnst mega betur fara í skólanum sínum

Dæmi um neikvæðar upplifanir nemenda:

- Minna heimanám og setja moltu kassana lengra frá skólanum því það kemur HRÆÐILEG LYKT úr þeim
- mætti vera fleiri körfuboltakörfur
- maturinn og sumir kennarar hljóma eins og að þeir séu búnir að kenna í 100 ár
- Að hafa þögn

Foreldrakönnun

Matstæki: Rafræn könnun á vegum Skólapúlsins lögð fyrir í febrúar 2021.

Það voru 149 í úrtakinu og svöruðu 126, svarhlutfall var 84,6%.

Viðmið: að jákvæðar niðurstöður séu jafnar eða hærrí en meðaltal þeirra skóla sem nota Skólalúlsinn og eru sambærilegir að stærð, með 1-320 nemendur í 1.-10.bekk. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2.

Munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Niðurstöður: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt
 - Hvolsskóli 92,6% - landið 91,9%
- Ánægja foreldra með stjórnun skólans
 - Hvolsskóli 93% - landið 91,6%
- Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra
 - Hvolsskóli 85,7% - landið 83,8%
- Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili
 - Hvolsskóli 69,2%% - landið 58,6%
- Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneytinu
 - Hvolsskóli 85,3% - landið 73,8%
- Notkun á mötuneyti
 - Hvolsskóli 95,9% - landið 89,5%
- Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans
 - Hvolsskóli 81% - landið 77,2%

Dæmi um neikvæðar niðurstöður

- Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum
 - Hvolsskóli 4,8 - landið 5,1
- Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra
 - Hvolsskóli 72,9% - landið 76,5%

- Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum
 - Hvolsskóli 52,4% - landið 55,3%
- Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina
 - Hvolsskóli 57,8% - landið 64,6%
- Ánægja með síðasta foreldraviðtal
 - Hvolsskóli 88,4% - landið 94,5%
- Væntingar foreldra um háskólanám
 - Hvolsskóli 65,3% - landið 73,8%
- Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám
 - Hvolsskóli 50%% - landið 61,2%

Dæmi um opin svör foreldra: Lýstu því hvað þér þykir gott við vinnustaðinn þinn.

- Gott og persónulegt námsumhverfi og allir starfsmenn tilbúnir að hjálpa til við að barninu mínu líði sem best í skólanum. Ég er glöð þegar einhver hefur áhyggjur af barninu mínu og hafi þá samband við foreldra. Barnið mitt er ánægt með skólann þó það sýni það ekki alltaf.
- Góð samskipti við starfsfólk skólans. Gott mötuneyti. Gott starf heilt yfir.
- Líflægur og skemmtilegur skóli.
- Vikulega skrifa umsjónarkennarar tölvupóst til að segja frá því sem hefur verið á döfinni þá viku. Fjölbreytt val er í boði fyrir eldri bekkina, m.a. aðstoð við heimanám. Samfella skóla og íþróttastarfsemi og skólabíll heim eftir íþróttastarfið. Ekkert vetrarfrí og þess vegna lengra sumarfrí. Tíminn yfir veturinn vel notaður og samþjappaður.

Dæmi um opin svör foreldra: Lýstu því hvað þér þykir að megi betur fara á vinnustaðnum þínum.

- Barnið kvartar yfir miklum hávaða í bekknum. Of mikil læti í bekknum við hliðina á. Hljóðvist er slæm á yngsta stigi.

- Greiðara aðgengi að tölvubúnaði í kennslustofum, spjaldtölvum eða tölvum. Stórum hópum sé alltaf skipt upp í kennslu og gert ráð fyrir því skipulagi frá fyrsta degi.
- Hlusta betur á foreldra og ekki dæma og ákveða þetta og hitt. Ræða við foreldra á jafningjagrundvelli. Ekki mismuna börnum eftir því hverra manna þau eru. Upplýsingaflæðið mætti vera betra.
- Of stór matsalur, þ.e. of mikill hávaði.
- Skortur af fjölbreyttum kennsluaðferðum yfir allt skólaárið (tekin vika og þá eru allskonar aðferðir). Skortur á tæknibúnaði, þarf að spýta í lófana ef skólinn ætlar að halda í aðra skóla varðandi kennslu neð tækni í huga. Starfsfólk þarf að hlusta betur á nemendur, leyfa nemendum að útskýra mál sitt en ekki ákveða fyrirfram hvað gerist ef vandi kemur upp.
- Vantar eftirfylgni þegar búið er að vera með fundi um breytingar á námsfyrirkomulagi þá gerist ekkert og talað um það sama á næsta fundi.

Samræmd könnunarpróf skólaárið 2020-2021

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk í september 2020 eins og í öðrum grunnskólum á landinu. Prófað var í íslensku og stærðfræði.

Í 9. bekk var samræmt könnunarpróf í mars 2021. Prófað var í íslensku, stærðfræði og ensku.

Matstæki: Próf frá Menntamálastofnun.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Mikilvægt er að skólinn vinni áfram með einstaka þætti prófanna til frekari framfara hjá nemendum. Unnið verði bæði einstaklingslega og á bekkjarvísu. Skipulag kennslu í skólanum er vel til þess fallið þegar um er að ræða kennslu í fámennum hópum með góða mönnun.

Hér á eftir eru niðurstöður Hvolsskóla.

4. bekkur

Skólaárið 2020-2021 voru 27 nemendur í 4. bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 25 nemendur íslenskuprófið og 25 nemendur tóku stærðfræðiprófið.

Dreifing einkunna í í 4.b.:

	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	25	4	16%	14	56%	7	28%
	Lestur	25	3	12%	15	60%	7	28%
Stærðfræði	Heild	25	3	12%	15	60%	7	28%
	Reikningur	25	4	16%	14	56%	7	28%

7. bekkur

Skólaárið 2020-2021 voru 27 nemendur í 7. bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 22 nemendur íslensku- og stærðfræðiþrófið.

Dreifing einkunna í 7. b.:

	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	22	8	36,4%	11	50%	3	13,6%
	Lestur	22	8	36,4%	10	45,5%	4	18,2%
Stærðfræði	Heild	22	7	31,8%	11	50%	4	18,2%
	Reikningur	22	6	27,3%	12	54,5%	4	18,2%

9. bekkur

Eins og þekkt er orðið urðu tæknilegir örðugleikar við fyrirlögn samræmdra könnunarprófa í 9. bekk og ákvað Menntamálastofnum í framhaldinu að bjóða þeim sem vildu að taka prófin aftur. Í ljósi þess ákvað sjálfsmatsnefnd Hvolsskóla að birta ekki niðurstöður prófanna.

Skipulag kennslu á miðstigi

Einn fundur var haldinn með starfsfólki á miðstigi þann 26. janúar 2021 þar sem rýnt var í skipulag kennslu, aðstæður og aðra þætti sem varða stigið. Til grundvallar lá skýrsla rýnifunda á miðstigi sem fóru fram á skólaárinu 2017-2018 og voru þrjár spurningar lagðar fram:

- Hvar stöndum við?
- Hvert viljum við fara?
- Hvað þurfum við að gera til þess að komast þangað?

Umræður og niðurstöður af fundunum voru ritaðar niður og dregnar saman í ákveðna þætti sem hér fylgja.

Viðfangsefni	Hvar stöndum við?	Hvert stefnum við?	Hvað þurfum við að gera til að komast þangað?
Kennsluhættir	<p>Reynt er að hafa kennsluhætti eins fjölbreytta og hægt er og lítil breyting á því frá því 2017-2018.</p> <p>Ennþá er takmarkað aðgengi að tölvutækjum og hefur það áhrif á kennsluhætti að mati fundarmanna. Það er sjónvarp í „glerbúrinu“ sem stigið notar. Tónmennt verður oft út undan í samstarfi.</p>	<p>Æskilegt er að nota meira UT í kennslu og að bjóða upp á tæknivæddari kennslu. Fram kom ósk um að samþætta námsgreinar í meiri mæli og meiri teymiskennslu.</p> <p>Æskilegt er að leggja meiri áherslu á framsögn og verkefnaskil hjá nemendum. Einnig var bent á þörf fyrir að samþætta myndmenntina meira inn í aðrar greinar.</p>	<p>Hægt að samþætta til þess að bæta upp fyrir fáa tíma einstakra greina í stundatöflu.</p> <p>Tala meira saman og efla samvinnu á milli kennara. Flétta listgreinar inn í samþættingu.</p> <p>Upplýsingaflæði á milli kennara varðandi viðfangsefni í kennslu til þess að grípa tækifærið til að samþætta.</p>
Smiðjur og val	<p>Áfram er bundið val á stiginu og staðan eins og hún var fyrir 3 árum. Nemendur kvarta undan því að hafa ekki raunverulegt val. Misjafnt er hvernig boðið er upp á val í kennslu, þ.e.a.s. að nemendur fá að velja útfærslu eða viðfangsefni verkefna. Nemendur eiga erfitt með að velja þegar þeir fá tækifæri til þess.</p>	<p>Nemendur fá kennslu í listgreinum á tímum þar sem þeir eru ekki í smiðjum.</p> <p>Ósk um að breyta valinu þannig að það verður raunverulegt val í stað þess að kennari velur viðfangsefni innan ramma. Horft til fyrirkomulags eins og það er á elsta stigi. Einnig kom fram ósk fundarmanna um að hafa tækifæri til að aðstoða nemendur sem fá ekki aðstoð heima við heimanám og verkefnavinnu.</p>	<p>Bjóða upp á val eins og er á elsta stigi.</p> <p>Bjóða upp á aðstoð við heimanám í vali.</p>
Sérkennsla	<p>Það er komin nýbúaáætlun síðan síðast og virkar hún vel í framkvæmd að mati fundarmanna. Einnig er tilkoma</p>	<p>Móðurmálskennsla fyrir erlenda nemendur.</p>	<p>Móðurmál í fjarkennslu í samstarfi við aðra skóla (skólaþjónustan). Ýta af stað verkefni til þess að efla móðurmálskennslu á Suðurlandi.</p>

	<p>nýs stöðumats þar sem námsgeta nýrra nemenda verður metin strax í upphafi talið jákvætt. Það gefur tækifæri til þess að fá heildarsýn á námsgetu nemandans strax í upphafi þrátt fyrir tungumálakunnáttu. Nýbúakennari og faggreinakennarar finna námsefni í sameiningu fyrir bekkjarkennslu. Mikill tími fer í að finna námsefni sem hentar hverjum og einum. Engin móðurmálskennsla eða stöðumat á móðurmáli er í dag. Sumir nemendur fá móðurmálskennslu annars staðar og er erfitt að meta það nám inn í skólann. Foreldrar nemenda af erlendum uppruna þekkja oft ekki úrræði sem eru í boði fyri börn með frávik. Gott að hafa þroskaþjálfu í skólanum.</p>		
Umsjónarstundir	<p>Staðan eins og hún var fyrir 3 árum. Farið yfir dagsskipulag og praktísk atriði, unnið með bekkjarbrag, bekkjarsáttmála o.þ.h. Útfærslan mismunandi á milli bekkja varðandi</p>	<p>Ósk um að fá dagbækur aftur þar sem nemendur geta skráð niður heimanám og foreldrar geta kvittað fyrir heimalestur.</p>	<p>Kaupa dagbækur í upphafi skólaárs.</p>

	tímasetningu og lengd. Að mati fundarmanna er mikilvægt að hafa umsjónarstundir í upphafi dags.		
Námsvísir og kennsluáætlanir	Farið var yfir námsvísa í upphafi skólaárs sl. haust og gerðar breytingar þar sem þurfti.		
Agastjórnun	ART er kennt í öllum bekkjum og allir umsjónarkennarar eru komnir með réttindi. Yfirfærsla í ART er lítil hjá sumum nemendum og oft hentar hópastærð ekki ART kennslu. Ekki er mikið um þung og erfið agamál á stiginu eins og staðan er í dag að mati fundarmanna. Einnig er góður bekkjarbragur í öllum árgöngum.	Nýta mannskapinn betur í minni hópum varðandi agastjórnun. Gott væri að hafa meira rými fyrir ART kennslu.	Skipta í minni hópa þegar þörf er fyrir t.d. í ART.
Tölvubúnaður	Það eru nokkrar eldri fartölvur í námsveri sem nýtast vel. Ennþá er takmarkað aðgengi að tölvum og spjaldtölvum á stiginu. Það er ekki skjávarpi í öllum stofum á stiginu.	Nota meiri upplýsingatækni í kennslu. Fá skjávarpa/smarttöflur í allar stofur. Gott væri að hafa rými til þess að geta horft á myndefni í myndmenntartímum þar sem að myndmenntastofan er afar björt og erfitt að horfa á myndefni á skjá.	Kaupa fleiri spjaldtölvur. Hafa tölvu í kennslurýmum með talgervil. Innrétta „kompuna“ í matsalnum þannig að hægt væri að horfa á myndefni þar.
Kennslurými	Ný húsgögn hafa breytt miklu og auðvelda hópastarf og uppröðun í stofunum. Húsgögnin eru of lítil fyrir suma nemendur.	Það mætti hljóðeinangra á milli tölvustofu, vinnurýmis og kennlustofu. Gott væri að fá hurð/vegg í 5. bekkjar stofu.	Bæta nettengingu á stiginu. Nota rými skólans betur.

	Það vantar kennslurými og erfitt að taka nemendur út úr stofu í t.d. sérkennslu Netsamband í 6. og 7. bekkjarstofu er mjög lélegt. Þríf í kennslurými og vinnurými ábótavant að mati fundarmanna.		
Annað		Að mati fundarmanna er þörf fyrir kynfræðslu og kynjafræði á miðstigi.	Kynfræðsla frá hjúkrunarfræðingi, flétta kynjafræði inn í námsgreinar t.d. ART, samfélagsfræði, listgreina o.s.frv.

Uppgjörsdagur að vori 2021

Á uppgjörsdegi þann 25. maí 2021 var rýnt í áætlanir skólans. Starfsmönnum var skipt í hópa og skoðaði hver hópur eina áætlun. Eftirfarandi áætlanir voru skoðaðar: Forvarnaráætlun, eineltisáætlun, jafnréttisáætlun, áfallaáætlun, móttökuáætlun, starfsþróunaráætlun. Sóst var eftir að fá svör við eftirfarandi spurningum:

- Er áætlun í gildi?
- Er áætlun virk?
- Var áætlunin notuð á skólaárinu?
- Hvenær var vísað í áætlunina á skólaárinu?
- Var áætlun til hjálpar?
- Skiptir áætlunin máli?
- Er þörf fyrir breytingar/úrbætur?
- Hvað er hægt að gera til þess að áætlunin verði aðgengilegri?

Hér fyrir neðan er stutt samantekt af þeim svörum sem komu fram. Ítarlegri svör eru í vörslu sjálfsmatshóps.

Áætlun	Staða í maí 2021	Tækifæri til úrbóta
Forvarnar-áætlun	Áætlun er í gildi en þörf er fyrir uppfærslu. Áætlun var lítið notuð á árinu, einungis í sambandi við forvarnardaginn. Kennarar og starfsfólk styðjast við efni í ART, Heilsueflandi skóla, Barnaheill o.þ.h í umræðum og forvarnarfræðslu.	Það þarf að uppfæra áætlunina m.t.t eineltisfræðslu, kynferðisofbeldi, jákvæðra samskipta, tóbaks- og vímuefnaforvarna, samskipta og netknotkunnar. Gott væri að taka eineltisteymið með í vinnu varðandi einelti. Einnig er þörf fyrir kynjafræði og kynfræðslu í öllum bekkjum. Einnig væri æskilegt að leggja áherslu á svefn í forvarnaráætluninni. Þörf er fyrir virkt forvarnarteymi og gæti hugsanlega heilsueflandi skóla teymið einnig sinnt þeim störfum.
Eineltis-áætlun	Áætlun er í gildi og ný uppfærð. Áætlun er virk og starfað er samkv. henni. Áætlun er notið bæði í fræðslu og einnig til að vinna eftir, t.d. leggja fyrir tengslakönnun, þegar tilkynning um einelti berst o.s.frv. Áætlun hefur forvarnargildi og er gott verkfæri fyrir starfsfólk skólans.	Áætlun er ný uppfærð og lítil þörf fyrir breytingar í áætluninni. Áætlun mætti hins vegar vera sýnilegri t.d. á veggjum skólans og í íþróttahúsinu. Einnig þarf að huga að því að allir foreldrar og forráðamenn fái áætlunina senda heim að hausti. Einnig er mikilvægt að hvetja foreldra til að tilkynna strax ef þeir hafa

		áhyggjur varðandi samskipti nemenda. Þörf er fyrir að mynda stefnu varðandi samskipti foreldra- starfsfólks og einnig starfsfólks- nemenda.
Jafnréttis- áætlun	Áætlun er í gildi og ný uppfærð. Hins vegar er ekki víst að allir starfsmenn hafi kynnt sér áætlunina og vinni samkvæmt henni. Þar af leiðandi er ekki víst að allir nemendur skólans viti af þessari áætlun. Að jafnaði er unnið með kurteisi, virðingu og jafnrétti en ekki meðvitað eftir áætluninni.	Kynna jafnréttisáætlunina fyrir starfsfólk skólans og vera með virkt starf eins og eineltisteymið og sjálfsmatsnefnd eru með og halda boltanum á lofti allt skólaárið. Huga að jafnrétti starfsfólks til forfallakennslu og yfirvinnu. Einnig þarf að gæta jafnrétti á milli námsgreina. Einng meta nefndarstörf út frá vinnuálagi hvers og eins og passa að allir séu jafnir.
Áfalla- áætlun	Áætlun er virk og var vísað í hana í samb. við brunaæfingu óveður. Áætlun er til hjálpar og skiptir miklu máli að mati starfsmanna skólans.	Það þyrfti að halda rýmingaræfingu í íþróttahúsinu á sama tíma og það er æfing í skólanum. Passa þarf mjög vel að spjöld varðandi rýmingu séu sýnileg í öllum stofum skólans. Einnig þyrfti að samræma rýmingaráætlun skólans og íþróttahúss. Gott væri að fara yfir áætlanir á stigsfundi í upphafi skólaárs. Þörf fyrir að halda námskeið varðandi sorg og sorgarviðbrögð fyrir starfsfólk.
Starfs- þróunar- áætlun	Áætlun er mjög virk og mörg tækifæri til endurmenntunar fyrir starfsfólkið. Starfsþróun er á ábyrgð hvers starfsmanns og þurfa allir að leggja sig fram til þess að sækja sér þekkingu. Covid hefur sett strik í reikninginn og hafa námskeiðin sem voru í boði verið rafræn. Vísað er í áætlun í starfsmannaviðtölunum en mætti kynna betur strax í upphafi skólaárs ásamt því að segja frá hvað skólinn er tilbúinn að borga o.þ.h.	Það þarf að uppfæra skjalið reglulega (breyta ár). Einnig er mikilvægt að hvetja allt starfsfólk skólans til að sækja sér þekkingu og að sýna frumkvæði í þeim efnum. Gott er að nota þekkingu og kunnátta sem er til staðar í skólanum t.d. í fræðsluerindum til starfsfólks.
Móttöku- áætlun	Áætlun er virk og í gildi og einnig var hún notuð á skólaárinu. Áætlun var til hjálpar í þeim tilvikum þar sem hún var notuð. Áætlun skiptir miklu máli	Það mætti setja inn gildistíma áætlunnar ásamt ákvæði um endurskoðun. Gott væri að birta hana á vef skólans á fleiri tungumálum t.d. ensku og pólsku. Ekki allir þekkja áætlunina og þarf að kynna hana fyrir starfsfólk skólans.

Úrbótaáætlun veturinn 2020-2021 og úrbætur unnar á árinu

Viðfangsefni	Ábyrgð	Tímarammi	Árangur mælt með	Staða mála í sept. 2021
Heimakennsla v/Covid. Gerð verði aðgerðaáætlun fyrir heimakennslu ef skólinn þarf að loka alveg eða að hluta til.	Kennarar og stjórnendur	September 2020	Áætlun tilbúin	Nýtt skipulag í fjarkennslu leit dagsins ljós í október 2020. Reynt að fylgja því ef hægt er.
Efla trú starfsfólks á eigin getu í starfi.	Allir starfsmenn	Fyrirlestur 4. sept. 2020	Stutt könnun meðal starfsmanna á uppgjörstigi í maí 2021	Könnun ekki lögð fyrir.
Starfsandi/líðan starfsfólks. Gera starfsmannasáttmála. Stofna skemmtinefnd Hvolsskóla sem sér um skemmtilegar uppákomur í starfsmannahópnum	Stjórnendur, starfsmannafélag, skemmtinefnd, allir starfsmenn	Hópefli allt árið, s.s. gönguferðir, spilakvöld, jakkafatajoga, samvera utan vinnu, leikhúsferð, tónleikar o.s.frv.	Stutt könnun meðal starfsmanna á uppgjörstigi í maí 2021	Ýmsar uppákomur á skólaárinu s.s. kahoot, bingó, jólagjöf, kærleiksvika, þorablót, konudagsgjöf Könnun ekki lögð fyrir.
Efla trú nemenda á eigin getu. Nemendur setja sér markmið, fjölbreytt námsmat. Gestafyrirlestrar	Allir starfsmenn, stjórnendur	Fyrirlestur 4. sept. 2020. Fyrirlestur 2. nóv. fyrir 10. b. Fyrirlestrasería	Skólapúlsinn, líðankönnun í 2. og 4. b.	
Kennsla fyrir alla. Námskeið í skipulagningu og framkvæmd einstaklingsmiðaðra kennslu í íþróttum	Skólastjóri og íþróttakennarar	Fyrir lok nóvember 2020	Örnámskeið með kennsluráðgjafa á vegum skólaþjónustunnar	

Úrbótaáætlun veturinn 2021-2022

Viðfangsefni	Ábyrgð	Tímarammi	Árangur mælt með
Efla þrautseigju nemenda og trú á eigin getu. Námskeið með Vöndu Sigurgeirsdóttur - verkfærakistan	Stjórnendur og kennarar skólans.	Sept/október 2021.	Kannanir lagðar fyrir – skólapúls og könnun varðandi líðan í 2. og 4. b.
Virkja og efla þekkingu starfsmanna varðandi áætlanir skólans með því að taka þær fyrir á stigsfundum á haustönn.	Stjórnendur á stigum útnefna ábyrgðaraðila til að kynna áætlun á fundi.	Vinnu lokið á haustönninni.	Virkari umræða á almennum fundum og vísað í áætlanir eftir þörfum í samskiptum við foreldra og innan skólans.
Skilgreiningarvinna varðandi einelti	Umsjónarkennarar og kennarar sem hafa setið námskeiðið „verkfærakistan“	Vinnu lokið á haustönn.	Niðurstöður skólapúlsins í maí.
Endurskoða smiðjur og val á miðstigi	Stjórnendur og starfsmenn á stiginu	Vinnu lokið á haustönn.	Smiðjufyrirkomulag
Efla samþættingu námsgreina á miðstigi	Stjórnendur og starfsmenn á stiginu	Umræður á stigsfundum á skólaárinu í samræmi við umræður á rýnifundi.	Samþættingarverkefni á stiginu.

Að lokum

Öllum skólum er hollt að fara í ítarlega sjálfsskoðun á sínu innra starfi. Með þeim hætti er hægt að meta hvað gengur vel og hvað það er sem þarf að bæta því öll viljum við gera góðan skóla enn betri. Skýrsluhöfundar telja sig hafa farið nokkuð vítt og breytt um allt skólastarfið á skólaárinu 2020-2021 kannað það frá ýmsum sjónarhornum og lagt fram áætlun til úrbóta. Einnig var gerð áætlun í sjálfsmati fyrir næsta skólaár, þ.e. 2021-2022.

Sjálfsmatshópnunum telst til að flest allir þættir skólastarfsins séu metnir á eins til þriggja ára fresti, matið er kerfisbundið og samofið öllu skólastarfi. Matið byggir á upplýsingum sem eru fengnar hjá öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er sett í farveg sem leiðir til umbóta í skólastarfinu.

Hvolsvöllur september 2021

f.h. Sjálfsmatshóps Hvolsskóla

Guri Hilstad Ólason, formaður.